

klásútur



Spilverk þjóðanna á sviðinu í Laugarásbíói. (Myndir teknar af Einari)

haga ykkur á konsert? spurði Valgeir eitt sinn sármóðgaður þegar áheyrendur héldu að lagið væri búið og fóru að klappa þegar nokkrir tónar voru eftir. Þeir hefja tónleikanna yfirleitt á því að lesa upp úr dularfullri svartri stílakompu eitthvert lítt skiljanlegt þrúgl, lýsingar á samkvæmisleikjum, stuttar smásögur oph. Á tónleikum í Norræna húsinu fyrir hálfum mánuði kynntu þeir eitt lagið (sem reyndar var tileinkað Gunnari Huseby) og gerðu síðan hlé. Lagið léku þeir svo eftir hlé. — Þetta er yfirleitt alveg óundirbúið, segja þeir, en með tímanum verður þetta ef-
laust að rútinu.

Ungir menn með námsleiða

En svo við byrjum nú loksins á byrjuninni og tökum hlutina í réttri röð, þá varð spilverkið til fyrir upp. tveimur árum. Áður höfðu þeir reyndar oft leikið saman á árshátíðum Mennta-skólans við Hamrahlíð og öðrum skemmtunum sama skóla. Þar var vaninn að smala saman nokkrum músiköntum fyrir árshátíðir og láta þá skemmta lýðnum með frumsaminni tónlist. En svo urðu menn stúdentar eins og vera ber fyrir þremur árum. Valgeir og Sigurður Bjóla fóru í háskóla en brátt gerðust þeir

SPILVERK ÞJÓÐANNA

Meðan íslenskur poppheimur er í óða önn að stokka sjálfan sig upp læðist lítil flokkur með það tignarlega heiti Spilverk þjóðanna inn um bakdyrnar og tekur að halsa sér völl. Þetta fyrirbæri hefur haldið nokkra tónleika að undanfögnu hér í borginni og undirritaður getur borið um að viðtökurnar voru geysigóðar.

Það hefur ekki farið mikið fyrir frumleika í framleiðslu íslenskra poppara undanfarin misseri. Hún sker sig ekki mikið úr því sem gert er í nágrannalöndunum. Því vekur það fögnuð að heyra eitthvað nýtt og ferskt sem ekki er bara framhald af þeirri lognmöllu sem ríkir.

Bara spilverksmúsík

Spilaverk þjóðanna vekur slíkan sögnuð. Það er skipað þremur mönnum, þeim Agli Ólafssyni, Valgeiri Guðjónssyni

og Sigurði Bjólu Garðarssyni. Þessir þrír skiptast á um að syngja og leika á hin ýmsu hljóðfæri — gítara, píanó, kontrabassa, slagverk, o. fl. — sem öll eiga það sammerkt að þarfnast ekki rafmagns. Öll tónlist og textar eru frumsamdir. Það er ekki auðvelt að flokka tónlist þeirra félaga. Flest eru lögin róleg og falleg en inn á milli leika þeir svo „eldfjöruga skottisa“ og létt rokkklög. — Það er ekki hægt að flokka okkar tónlist sem einhverja ákveðna stefnu innan tónlistarinnar, segja þeir, þetta er bara spil-

verksmúsík. Að sjálfsögðu hlustum við mikið á tónlist og finnst ýmsir tónlistarmenn góðir en við eigum enga beina fyrirmynd sem við stælum. Bláðamaður nefnir að honum finnst líkindi með þeim og t.d. Incredible String Band og Tir Na Nog, en þeir hrista hausinn og segjast lítið hafa hlustað á téða flokka.

Þá er sviðsframkoma þeirra ólík því sem maður venst hjá poppurum. Þeir ræða við áheyrendur, segja þeim óspart til syndanna, ef þeir koma ekki rétt fram. — Kunnið þið ekki að

leiðir á skólagöngunni og fóru að sinna sínum áhugamálum sem eru fyrst og fremst tónlist. Einhverju sinni voru þeir í ökuferð og sem þeir óku framhjá MH skaut upp nafninu Spilverk þjóðanna.



Af tónleikum í Laugarásbíói

Laugardaginn 31. maí hélt Spilverk þjóðanna konsert í Laugarásbíói. Þetta var reyndar í fyrsta sinn, sem ég sá og heyrði í spilverkinu, eftir að hafa heyrt sögusagnir um þá í allan vetur.

Ég fékk mér sæti fyrir miðju á fimmta bekk, til þess að falla nú inn í hópinn og losna við að tala við nokkurn mann, því ég var í vondu skapi. Strax fann ég að spennan var í andrúmsloftinu og

fólkið talaði mikið um þessa „underground“ grúppu (með „underground“ á ég við, að hljómsveitin laði að hálfgerða músiksnobbana, oft fólk, sem er við framhaldsnám og ímyndar


sér að hljómsveitin sé eitthvað einka fyrir þá. Þetta hefur oft átt sér stað úti, t.d. Pink Floyd og King Crimson og Incredible String Band. En þegar þessar hljómsveitir verða frægar, þá á-saka þessir snobbarar hljómsveitirnar fyrir að hafa selt sig, og snúa oft við þeim baki.)

Jæja, fyrir aftan mig sat kona sem talaði mjög mikið við fylgdarmann sinn um Spilverkið og einstaklinga þess og frændfólk. Hún uppfræddi mig þannig að Egill væri nú við söngnám og að þeir hefðu um 50 frumsamir lög á takteinum. Fýlan, sem ég hafði verið í, hvarf nú smám saman og ég fór líka að verða spenntur. Og svo ca. 3 mínútur yfir 3 fóru ljósin að hverfa og allir biðu spenntir eftir Spilverkinu. Á sviðinu voru kassagítarar, 6 strengja (2),

12-strengja og klassískur, kontrabassi lá þarna, illa með farinn flygill og eldgamalt orgel. Þarna var líka nokkurs konar trommsett, sem saman stóð af symbolum, kúabjöllum, bongotrommum o.s.frv.

Skömmu eftir að ljósin eru slökkt hefst sýning á teiknikvikmynd, öllum til mikillar ánægju. Speedy Gonzales, mexíkanska músin hrifur alla og spennan hverfur um sinn.


A meðan á sýningu stendur tynast meðlimir Spilverksins, allir þrír, upp á svið, þeir bíða svo,



Sigurður Bjóla.



Valgeir Guðjónsson



Egill Ólafsson.

Þeir fóru að semja og æfa en lengst af komu þeir hvergi fram nema í skólum. Það var ekki fyrr en nú í maí að þeir léku fyrst fyrir almenning í Stúdentakjallaranum og þá fór að færast fjór í leikinn. Steinar Berg verslunarstjóri í hljómdeld Faco og Ólafur Þórðarson fyrrum Ríó-tríómaður komu að máli við þá og létu í ljós áhuga á plötugerð. Mættu þeir litilli mótspyrnu og í liðinni viku hófust upptökur í stúdíóinu í Hafnarfirði. — Við verðum með sömu lögin og við höfum leikið á tónleikum, þe. hræfnið verður það sama en í eitthvað breyttri mynd. Það er ágætt að afgreiða þessi lög með því að setja þau á plötu, spila sig frá þeim, við eigum mikið af önnu efni sem við getum þá snúið okkur að.

Fyrir nokkru gerðu þeir svo sjónvarpsþátt sem þeir vona að verði sýndur fyrir sumarleyfi sjónvarpsins. — Þátturinn var tekinn upp „life“ eins og það heitir, þe. tónupptakan fór fram um leið og myndatakan. Það var hópur fólks viðstaddur sem tók þátt í gríninu. Þetta verður líklega nokkuð óvenjulegur poppþáttur.

Stefna út fyrir landhelgi

— Hver er svo framtíðarsýn þeirra félaga?


— Við ætlum að reyna að lifa á þessu í nokkur ár. Það er ólíklegt að við verðum enn að eftir svo sem fimm ár, þá er viðbúið að kerfið verði búið að negla okkur einhversstaðar niður pikkfasta, það gerist með alla. En það er lítill markaður fyrir okkar tónlist hérlandis. Það fengist kannski fólk til að hlusta á okkur en þá kemur vandamálið með húsnæðið. Okkar tónlist krefst lítilla sala þar sem hún er ekki rafmögnum og erfitt að koma því við að rafmagna hana. Norræna húsið er gott og stúdentakjallarin en þar fyrir utan er lítið að hafa. Við getum ekki spilað á höllum þar sem hávaðinn er ærandi. Um tíma hugleiddum við að fara út í dansiballaspíleri, en hættum við það, sem betur fer. Við stefnum því að utanferð einhvern tíma. En það verður ekki fyrr en við fáum eitthvað handfast tilbóð.

Af hverju enskir textar?

Textar þeirra spilverkanna eru flestallir á ensku. Af hverju? — Það er náttúrulega þetta klassíska að enska er heimsmál poppsins og svo er öll sú músik sem okkur líkar best flutt á ensku. Kannski er hugsunin sú að það eigi fleiri eftir að hlusta á okkur en íslendingar. Við höfum gert íslenska texta við lögin en bæði er að þeir vilja verða stífir og klaufalegir og falla oft illa að lögunum og svo að það er erfitt að vera með tvo texta við sama lagið. Þar að auki skilur fólk okkur amk. þeir sem koma og hlusta á okkur.

Það hefur gengið fjöllum herra að Spilverk þjóðanna stæði í einhverjum dularfullum tengslum við hulduhljómsveitina Stuðmenn. Við inntum þá félaga eftir þessum tengslum. — Gat nú skeð að þú spyrðir að þessu. Við könnumst ekkert við Stuðmenn og viljum ekkert við þá kannast, segja þeir fyldir á svip. —BH.

Hugleiðsla gegn of háum blóðþrýstingi



Dr. Benson ásamt sjúklingi; teldu upp að einum í tuttugu mínútur samfleytt.

Margir læknar hafa tilhneigingu til að líta svo á að hugleiðsla — tækni til að öðlast svonefnda „æðri meðvitund“ sé ekki annað en dæla, tengd þeim áhuga sem víða hefur gripið um sig á aust-rænum trúarbrögðum. En fræðimenn við Harvardháskóla í Bandaríkjunum hafa skoðað hugleiðslu betur og halda því fram, að þegar búið er að taka hana inn- an úr dulfræðilegum umbúðum, þá sé hægt að nota hugleiðslu með árangri gegn háum blóðþrýstingi.

Dr Herbert Benson telur, að of hár blóðþrýstingur eigi sér bæði líkamlegar og sálrænar orsakir, og að í mörgum tilvikum feli þær í sér viðbrögð sem kölluð eru „berjast eða flýja“. Viðbrögð þessi eru meðfætt svar manna við hættu, og auka þau blóðþrýsting, örva hjartslátt og andardrátt. Aukinn blóðstraumur berst til vöðvanna og undirbýr líkamann undir það að snúast til varnar eða flýja. Benson segir sem svo, að þessi viðbrögð hafi verið nýtsöm

til að verndamenn til forna fyrir fjandsamlegu umhverfi, en þau séu síður nauðsynleg nútíma- manni, sem á fyrst og fremst við andlega streitu að etja. Hann telur, að ein helsta forsendan fyrir háum blóðþrýstingi geti verið sú, að hinn mikli hraði í nútímalífi hleypi þessum hættuviðbrögðum af stað í tíma og ótíma.

En Benson segir einnig, að til sé önnur „afslöppunarviðbrögð“ sem virki í gagnstæða átt, dragi úr blóðþrýstingi og seinki hjartslátti. Og hann segir einnig, að hugleiðsla sé ein leiðin til að framkalla þessi viðbrögð. Það hafi einmitt komið í ljós við athuganir fyrir nokkrum árum, að áhugamenn um hugleiðslu höfðu að meðaltali lægri blóðþrýsting en aðrir menn.

Segðu einn.

Benson sneið sér síðan lækningaaðferð upp úr hugleiðslu. Eins og hugleislumenn

byggir hann á að sjúklingurinn sé í friðsælu umhverfi, stilli sig inn á óvirka afstöðu til umhverfisins, sitji sem þægilegast. Auk þess er notað „andlegt bragð“ eins og Benson kallar það. Í hugleiðslu að austan er notað „mantra“ eitt- hvert orð sem venjulega kemur úr indverskum ritningum og hugleiðarar endurtaka hvað eftir annað. Benson segir, að það sé eins gott að endurtaka orðið „one“ (einn) við hverja útöndun. Hann kennir sjúklingum að sitja rólegum á stól, slaka á vöðvum og fara með orðið eina aftur og aftur þar tuttugu mínútur sem hver meðhöndlun stendur á dag. Þessi aðferð hefur verið notuð á meira en hundrað sjúklinga með of háan blóðþrýsting og hefur lækkað þrýstinginn verulega eftir tveggja mánaða iðkun. Meðan á meðferð stendur, segir einn þeirra, berast margar hugsanir inn í höfuðið, en ég held minni ró og læt þær barasta fljóta út og inn....

Færeyjaferð er öðruvísi

Fjöldi viðförulla íslendinga, sem heimsótt hafa Færeyjar, ferðast um eyjarnar og kynnst fólkinu, eru á einu máli um að ferð til Færeyja sé öðruvísi en aðrar utanlandsferðir. Þeir eru líka á einu máli um að Færeyjaferð sé ógleymanlegt ævintýri.

Það sem gerir Færeyjaferð að ævintýri, er hin mikla náttúrufegurð, ásamt margbreytilegum möguleikum á skemmti- og skoðunarferðum um eyjarnar, og síðast en ekki síst hið vingjarnlega viðmót fólks-

ins. Ef þú ert einhvers staðar velkominn erlendis, þá er það í Færeyjum.

Færeyjaferð er skemmtileg fjölskylduferð, og hún er líka og ekki síður tilvalin ferð fyrir starfshópa og félagasamtök. Og nú er í fyrsta sinn hægt að fljúga til útlanda frá öðrum stað en suðvesturhorni landsins. Við fljúgum til Færeyja bæði frá Reykjavík og Egilsstöðum. Færeyjaferð er ódýrasta utanlandsferð sem völ er á.



FLUGFÉLAG LOFTLEIDIR ÍSLANDS

Félög með beint flug frá Reykjavík og Egilsstöðum



sýnilega þeir allra spenntustu, þar til myndin er búin. Fyrsta lagið er gott og eitthvað sérstakt og jafnvel eitthvað meira en maður á við að búast frá svo ungum mönnum. Lögin voru flest mjög góð, Egill er mikill söngvari, skemmtilegur í sviðsframkomu, þó stundum myndist mér vera of-leikið. Egill spilaði mest á bassann, en tók auk þess í gítar, klassískan gítar, píanó og langspil. Valgeir kom fram sem kynnir og brandarakall, honum tókst oftast vel upp. Valgeir söng vel, hann hefur sterka rödd. Valgeir spilaði mest á gítar, en tók í bassann og í 12-strengja gítarinn. Sigurður er að mínu áliti sá sem gerir Spilverk þjóðanna að einingu. Þeir Valgeir og Egill eru báðir með stærkar og djúpar raddir, en Sigurður hefur veika

og fingerða rödd, sem gerir góðar raddanir mögulegar. Sigurður söng eitt af þeim lögum sem festist mér í minni, „Lazy Daisy“, og gerði það reglulega vel, aftur á móti var „Old Man“ ekki við hans hæfi.

Konsertinn var mjög góður, þó mér sé sagt að þeir hafi verið miklu betri í Norræna húsinu og enn betri í kjallaranum á Garði, en hvað með það, þeir voru réttlæga kallaðir upp tvisvar, í fyrra skiptið spiluðu þeir bráðskemmtilegt lag, „Icelandic Cowboy“ og svo tóku þeir lag, sem þeir sögðust vera að spila í síðasta sinn, en það var eina lagið með íslenskum texta á konsertinu. Ég man ekki hvað það hét, en ég vona að þeir taki það nú samt aftur, það var skemmtilegt. Þökk fyrir afar skemmtilegan konsert.